

Yfirlýsing

Stjórnarmönnum HRFÍ hafa að undanfögnu borist ábendingar um Facebook-síðu þar sem fram fer málf lutningur um störf stjórnar. Hefur því verið haldið þar fram að manna ráðningar á skrifstofu félagsins séu tortryggilegar og klætt í búning sem er ósannur og rættinn.

Hið rétta er að samkvæmt lögum HRFÍ fer stjórn félagsins með ráðningu starfsmanna. Framkvæmdin hefur hins vegar verið sú undanfarin ár að stjórn ræður framkvæmdastjóra og hefur falið honum að sjá um mannaforráð á skrifstofu. Þannig voru aðrar manna ráðningar og uppsagnir í höndum framkvæmdastjóra til 31. október sl. og eru engar vísbendingar um annað en að framkvæmdastjóri hafi sinnt þessu verkefni á faglegan hátt.

Þegar framkvæmdastjóri félagsins lét af störfum ákvað stjórn að leita faglegrar ráðgjafar við ráðningu, líkt og þegar sá framkvæmdastjóri var ráðinn. Var óskað tilboða frá fjórum ráðningastofum og bærust tilboð frá þremur; Ráðum, Hagvangi og Capacent. Var lægsta tilboði tekið sem var frá Hagvangi. Vann stjórn starfslýsingu verkefnisstjóra skrifstofu HRFÍ og setti málið síðan í hendur Hagvangs.

Skv. upplýsingum Hagvangs sótti á fjórða tug manna og kvenna um starfið og voru fjölmargar umsóknir frá aðilum með hátt menntunarstig (meistaragráðu) og góða og viðeigandi starfsreynslu. Hefur slíkur áhugi ekki verið áður á starfi í Hundaræktarfélaginu og ekki annað hægt en að fagna því. Hagvangur tók viðtöl við fjölda manns í þessum hópi og valdi síðan úr fimm aðila. Fulltrúar stjórnar HRFÍ voru viðstaddir lokaviðtölin og áttu lokaval um í samráði við Hagvang. Pétur Alan Guðmundsson og Auður Sif Sigurgeirsdóttir tóku það verkefni að sér fyrir hönd stjórnar og var einhugur um val þeirra og Hagvangs á Guðnýju Ísaksen. Hún er með framúrskarandi menntun auk viðtækrar og viðeigandi starfsreynslu á sviði stjórnunar og ráðgjafar sem mun án efa nýtast okkur félagsmönnum vel. Hún hefur verið mjög virkur sjálfbóðaliði í starfi Hundaræktarfélagsins undanfarin misseri og situr meðal annars í ritnefnd Sáms.

Í stjórn félagsins sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn sem kjörnir voru á aðalfundum félagsins 2015 og 2016. Í núverandi stjórn sitja aðilar víðsvegar að úr félaginu með mismunandi áhugasvið. Hvort sem um er að ræða starfslok eða ráðningu nýs starfsmanns hefur stjórn verið einhuga í ákvörðunum sínum.

Hlakkar stjórn til samstarfsins við Guðnýju og óskar henni velfarnaðar í starfi. Að sama skapi þakkar stjórn fráfarandi framkvæmdastjóra félagsins fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

Daniel Örn Þorgeirsson

Þorsteinn Þorsteinsson

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Pétur Alan Guðmundsson

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Ferdis Fallmaradóttir